

Starfsleyfi

Til niðurrifs á bikbirgðatanki og flutnings á úrgangi til förgunar eða endurvinnslu.

Nafn leyfishafa: **Malbikunarstöðin Hlaðbær - Colas hf.**
Kennitala: 420187 - 1499
Staðsetning: **Óseyrarstöð 16**

Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis veitir umbeðið leyfi samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og með vísun í ákvæði 17. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, með síðari breytingum og til liðar 9.14 í fylgiskjali 2 við sömu reglugerð er fjallar um viðhald og niðurrif skipa.

Leyfið gildir frá 26. september til 15. október 2016

Leyfið er gefið út með skilyrðum um að ákvæðum gildandi laga og reglugerða um hollustuhætti og mengunarvarnamál hverju sinni sé fylgt og einnig ákvæðum III. kafla reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, þar sem fjallað er um skyldur rekstrar aðila til að draga úr myndun úrgangs, stuðla að rétttri meðhöndlun hans, endurnotkun, endurnýtingu, geymslu og förgun ásamt ákvæðum um þrífnað lóða sem og neðangreindum starfsleyfisskilyrðum sem um starfsemina gilda.

Gildissvið:

Leyfið tekur til niðurrifs á einum biktanki á lóð Malbikunarstöðvar Hlaðbæjar Colas að Óseyrarbraut 16 í Hafnarfriði. Fyrirtækið Fura ehf. málmendurvinnsla mun annast niðurrifið. Leyfið tekur til allra verkþátta við ofangreinda framkvæmd, meðhöndlunar á úrgangi og flutningi til endurvinnslu eða förgunar.

Athafnasvæði og framkvæmd:

Leyfið tekur mið af verkáætlunum leyfishafa og framkvæmdaáðila sem kynntar hafa verið. Samkvæmt þeim mun tanknum verða lyft að kvöldi dags yfir á aðliggjandi lóð Óseyrarbrautar 12 en fyrir liggur samþykkt hlutaðeigandi lóðarhafa. Tankurinn verður síðan klipptur niður á einum degi. Allt efni sem til fellur verður flutt á vinnslusvæði Furu í Hringhellu til frekari vinnslu. Akstursleið milli Óseyrarbrautar 12 og 14 verður lokuð á meðan. Beðið verður þar til síðar í vetur með að rífa tvöfaldan botninn með biki til að lagmarka umhverfisáhrif. Verður hann þangað til geymdur á svæðinu í öruggu vari fram að niðurrifi.

Endurnotkun, endurnýting og förgun á byggingaúrgangi:

Búnaður, hráefni til endurvinnslu og úrgangur sem til fellur eða myndast við niðurrifið skal flytja á brott jafn harðan í viðurkennda farvegi. Öll brennsla á úrgangi á svæðinu er bönnuð.

Spilliefni:

Leyfishafi er ábyrgur fyrir því að framkvæmdasvæðið verði hreinsað í lok verktíma og öllu biki sem til fellur verði komið í endurnýtingu eða í viðurkennda förgun.

Varnir gegn slysum og mengun:


Starfsleyfishafi skal tryggja að engin slysaætta fyrir utanaðkomandi stafi frá starfseminni á framkvæmdatímanum, m.a. með því að takmarka umferð um svæðið.

Úttektir og eftirlit:

Eintök af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt tiltæk á vinnustað.

Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar 786/1999 um mengunarvarnareftirlit

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis,
Garðabær 27. september 2016


Páll Stefánsson
heilbrigðisfulltrúi